



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi

801 Selfoss

b.t. oddvita, Björgvins S. Bjarnasonar

## Ný brú á Stóru Laxá. Umsókn um framkvæmdaleyfi

Vísað er til fyrri samskipta Vegagerðarinnar og sveitarstjórna vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Vegagerðin sækir hér með um framkvæmdaleyfi vegna byggingar nýrrar brúar á Stóru Laxá. Brúin verður staðsteypt eftirspennt bitabré, 145 m að lengd með tveimur akreinum. Heildarbreidd brúarinnar verður 10 m.

Í tengslum við byggingu brúarinnar verður Skeiða- og Hrunamannavegur (30) endurbyggður, að hluta til í nýrri legu, á milli Skarðsvegar og Auðsholtsvegar. Vegamótin við Skarðsveg og Auðsholtsveg verða endurgerð.



Síða 1/2

Vegagerðin  
Suðurhraun 3  
210 Garðabær  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Vegagerðin auglýsti eftir tilboðum í verkið og við opnun tilboða reyndist lægstbjóðandi vera Ístak hf. Fyrirhugað er að ljúka samningaviðræðum við lægstbjóðanda og undirrita verksamning á næstu dögum.

Í útboðslýsingu kemur fram að endanleg verklok eru fyrirhuguð 30. september 2022 en einnig er sett skilyrði um að steypuvinnu við sökklá og millistöpla ljúki fyrir 15. maí 2022.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi m.a. með fækkun einbreiðra brúa, greiða fyrir umferð af hliðarvegum inn á Skeiða- og Hrunamannaveg (30) og auka öryggi hestamanna.

Vegagerðin hefur verið í viðræðum við landeigendur, veiðifélag, veitufyrirtæki og hagsmunaaðila. Reiknað er með að nauðsynlegir samningar milli aðila verði frágengnir áður en framkvæmdir hefjast.

Umsókn Vegagerðarinnar til Fiskistofu var send 20. ágúst 2021. Svar við umsókninni hefur ekki borist en Vegagerðin mun taka fullt tillit til skilyrða og ábendinga sem Fiskistofa kann að setja fram.

Síða 2/2

Nauðsynlegt er að breyta legu vatnslagnar sem er í eigu sveitarfélagsins en lögnin liggur yfir Stóru Laxá. Sveitarfélagið sér um nauðsynleg leyfismál og framkvæmdir við breytingar á lögninni en Vegagerðin aðstoðar við framkvæmdina.

Reiknað er með að núverandi brú verði látin standa eftir framkvæmdir og fái nýtt hlutverk sem reiðstígur yfir Stóru Laxá. Viðræður hafa farið fram á milli Vegagerðarinnar og sveitarfélags varðandi þau mál og er stefnt að ástandsskoðun núverandi brúar þegar sú nýja hefur verið tekin í notkun.

Vegagerðin

Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Einar Már Magnússon

Undirskrift  






